

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1991

2. ágúst 1991

699

Nr. 377

AUGLÝSING

um umferð á Patreksfirði, Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Patreksahrepps hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Patreksahreppi og gilda þær frá 1. október 1991:

1. Biðskylda verði sett á tengibraut við söluskála Ezzo-Nesti gagnvart Strandgötu.
2. Biðskylda verði sett á Sigtún gagnvart Strandgötu.
3. Biðskylda verði sett á Hlíðarveg gagnvart Aðalstræti.
4. Biðskylda verði sett á Oddagötu gagnvart Eyrargötu og Þórsgötu.
5. Biðskylda verði sett úr króki (Strandgötu) gagnvart Strandgötu.
6. Biðskylda verði sett á Eyrargötu gagnvart hafnarsvæði.
7. Sett verði upp fjögur vinnusvæðamerki á hafnarsvæðinu:
 - A. við enda hafnarsvæðis við Þórsgötu.
 - B. við enda Eyrargötu við hafnarsvæði.
 - C. við neðanvert bifreiðaverkstæði Straumness hf.
 - D. í Vatnskrók.
8. Biðskylda verði sett í norðurenda Mýra.

Lögreglustjórinn í Barðastrandarsýslu, 2. ágúst 1991.

Stefán Skarphéðinsson.

9. ágúst 1991

Nr. 378

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst ár hvert eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.